

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 9. maí 2023
UST202304-052/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Rangárþings ytra 2016 – 2028 og deiliskipulagi – Þjóðólfshagi 1

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 5. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu aðalskipulag Rangárþings ytra 2016 – 2028 og að nýju deiliskipulagi fyrir Þjóðólfshaga 1.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er um 40 ha að stærð og þar af eru um 30 ha undir frístundabyggð. Svæðið er skilgreint sem frístundabyggð F11 í gildandi aðalskipulagi en gert er ráð fyrir að svæðið breytist í íbúðarbyggð. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið frá árinu 2013 og mun það falla úr gildi með gildistöku fyrir nýtt deiliskipulag.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem skipulagssvæðið (40 ha.) nær til svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði þarf að fjalla um fuglsvæðið í tillögunni, einnig þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er um vernd fuglasvæðisins og hver áhrif uppbyggingar eru á það. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlanir sveitarfélagsins rýri ekki verndarsvæði fuglanna og hugað sé að endurheimt og vernd.¹

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur

¹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>

